

4. janúar 2017 kl: 17:00



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Skólaráðsfundur.** Ingunn fer yfir fundargerð síðasta skólaráðsfundar. Rætt um skólalóð, skipulag innkeyrslu o.fl.
2. **Fundur fyrir foreldra vegna fyrirhugaðs foreldraröls.** Ákveðið að boða til fundar miðvikudaginn 11. janúar vegna fyrirhugaðs foreldraröls sem byrjar nú í janúar. Bekkjarfulltrúar verða beðnir um að auglýsa fundinn inn á bekkjarsíðum og tala fyrir málefninu. Óskað verður eftir því að fulltrúi frá hverju heimili sækji fundinn. Ákveðið að reyna að fá Soffíu Vagnsdóttur til að tala á fundinum um mikilvægi verkefnisins. Berglind mun hafa samband við hana. Heimasíðan verður kynnt á fundinum og farið yfir fyrirkomulagið á verkefninu.
3. **Sprengjuskata.** Send verður fyrirspurn til Háskólans á Akureyri vegna vísindaheimsókna í skólann. Foreldrafélaginu langar að bjóða upp á þess háttar skemmtun sé þess kostur.
4. **Leikhópurinn Lotta.** Ella ætlar að kanna með verð og tilboð hjá leikhópnum Lottu til að bjóða yngstu nemendum skólans upp á.
5. **Skipulag fyrirhugaðs foreldraröls.** Stjórn Foreldrafélags Giljaskóla mun halda utan um fyrirkomulag foreldrarölsins og mun fulltrúi félagsins hafa tímanlega samband við bekkjarfulltrúa í þeim bekk sem á að manna röltið hverju sinni. **Guðbjörg** tekur það verkefni að sér fyrir hönd stjórnarinnar. Bekkjarfulltrúar hafa samband við foreldra í bekknum og tryggja að 4-6 foreldrar komi til með að röltu, mikilvægt er að allir viti af röltinu í tíma og geti tekið kvöldið frá í þetta. Því fleiri því betra. Hægt verður að skrá sig á vaktir í gegnum skjal sem er aðgengilegt á netinu. Þeir sem manna foreldravaktina hverju sinni fylla út sérstakt eyðublað að vakt lokinni sem segir til um hvernig röltið gekk og hvað bar á góma. Þær upplýsingar fara svo mögulega áfram til forvarnarfulltrúa og er safnað saman. Hver bekkur þarf ekki að manna nema ca 2 vaktir á önn. Þetta er því mjög lítil fyrirhöfn fyrir foreldra en eykur öryggi barna okkar í hverfinu mikið. Áhersla verður á að foreldraröltið eigi sér stað þegar það eru opin hús og böll í skólanum.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 25. janúar klukkan 17:30.

Fundi slitið kl. 18:30. Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir